



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 150 ára
afmælishátíð Ísafjarðar
16. júlí 2016**

Forseti Alþingis
Bæjarstjórn
Ísfirðingar
Heiðruðu hátíðargestir

Ísafjörður. Ísafjörður. Áttahagar og heimaslóð. Veröld drauma og daglegrar reynslu, sveipuð ljóma langrar sögu og litríks mannlífs. Ísafjörður. Okkur kær og náinn. Ætíð í hugum og hjörtum þótt leiðir liggi um veröld víða. Æskuslóð sem gaf okkur veganesti. Merkisstaður á vegferð þjóðar. Vettvangur baráttunnar fyrir sjálfstæði og framförum, sigra sem lögðu grunn að nýjum tíma.

Ísafjörður varð líka goðsögn; bærinn þar sem Jón Sigurðsson átti sitt bakland; Hannes og Skúli leiddu fylkingar í aðdraganda heimastjórnar; Vilmundur og Hannibal voru í forystu baráttusveitar verkalýðsins og Hagalín skrifaði skáldsögur. Bærinn þar sem læknirinn og kennarinn, sjóarinn og smiðurinn, skóarinn og rakarinn voru virkir í meðferð mála; bærinn þar sem félagsstarf og menning kvenna veittu mótvægi við brölti karlanna; bærinn þar sem tónlistin skartaði skóla, söngstjórum og góðum kórum; bærinn þar sem presturinn var kosinn biskup og Alþýðuhúsið, Húsmæðraskólinn og Sundlaugin urðu með reisu bygginganna mótvægi við erfiði krepputímans; bærinn þar sem atvinnulífið, útgerðin og fiskvinnslan tóku stakkaskiptum; bærinn þar sem átökin gátu verið hörð en líka samstaðan mikil þegar mest á reyndi.

Slíkur var Ísafjörður í minningu æskuára; bærinn sem lifði í sögum og samræðum; Ísafjörður í ætt við undraveröld, ævintýri.

Þótt við færum úr Túngötunni, flyttum suður, var Ísafjörður áfram það sem allt snerist um, miðja þeirrar veraldar sem mestu skipti; viðburðir og örlög fólksins hér áfram kjarninn í tilverunni.

Og þannig er það með okkur öll, þakklætið til bæjarins ríkulegt; þakklæti fyrir þau forréttindi að njóta fegurðar náttúrunnar, tignar fjallanna, logsins á Pollinum, sólarlagsins við hafsins brún, fannbreiðu á vetrardegi, sumarblíðu inni í Skógi.

Gömlu húsin í Neðstakaupstað með angan tjöru og fyrri alda eru minnisvarðar um fábrotið upphaf og þjóð í fjötrum erlends valds og einokunar. Timburhúsin, sem svo taka við, lágreist og standa þétt en sum hver með höfðingjabrag, segja sögu baráttunnar fyrir auknum rétti, frelsi til að ráða sjálf eigin málum, verða þjóð meðal þjóða.

Næst Silfurtorgið með ávísan til nýrra sigra, breiðari götur, byggingarnar enn glæsilegar þótt reistar væru á árum milli stríða eða á upphafsskeiði lýðveldisins; setja nú sterkan svip á bæinn; segja okkur að Ísfirðingar hugsa stórt.

Áfram óx bærinn, ný hverfi og götur tóku við, byggðin varð fjölþættari þótt á köflum væri andstreymi og líka á stundum áhyggjur íbúanna; umdæmi bæjarstjórnar stækkaði, næstu firðir bættust í fjölskyldu stjórnsýslunnar og strákurinn sem fæddist í Túngötunni og dvaldi löngum á Þingeyri gat loksins sameinað ævi afa og ömmu, pabba og mömmu, leikfélaga og æskuárin, frændfólkið í hverjum firði, innan sömu bæjarmarka.

Saga Ísafjarðar er saga þjóðar í hnotskurn; bærinn spegilmynd af vegferð Íslendinga; hvernig fámennasta og fátækasta þjóð álfunnar, fólkið sem bjó einangrað í fjörðum og dölum, í órafjarlægð frá öðrum löndum, hóf sig með eigin afli í fremstu röð ríkja heims, nýtti krafta samstöðunnar þegar mest á reyndi; bjó íbúunum aðstöðu til menntunar og framfara, jók heilbrigði og almenna hagsæld, byggði hafnir, vegi, brýr og flugvelli, virkjaði fallvötn og hitann í iðrum jarðar, stofnaði félög í flugrekstri og flutningum, nýtur nú daglegra samgangna við fjölda borga í Evrópu og Norður-Ameríku, selur vörur líka til Asíu og Afríku; landið orðið víðfrægur áfangastaður, ferðamenn senn taldir í milljónum og Ísafjörður iðar af lífi hinna erlendu gesta, oft meira en þúsund á hverjum degi nær allar vikur sumarsins.

Líkt og vegferð þjóðarinnar færir þróun Ísafjarðar okkur skýran boðskap, leggur grunn að farsælli göngu.

Ísafjörður er því líka tákn um stefnu, lífssýn og heimanfylgju; bær sem veitt getur leiðsögn um ókomin ár, lærdóma með reynslu sinni.

Samfélagið Ísafjörður er kjarninn í árangrinum, fólkið sjálft, vilji þess og félagsþroski, samstaðan sem ætíð réði úrslitum þótt átökin væru á köflum hörð. Á örlagastundum voru allir ein sveit: Ísfirðingar; hollir bænum, framtíðinni í þágu heildar.

Fylkingar tóku oft stakkaskiptum, flokkarnir komu og fóru, fylgið reis og féll, kosningarnar liðu hjá en ár af ári var hjá öllum hinn sterki þráður ávallt sá að vera góður Ísfirðingur.

Það er gjöfult hlutverk þegar bær öðlast með sögu sinni og verkum slíkan sess; verður kjölfesta í sjálfsmynd fólksins, gæfa að geta líka gengið til móts við framtíðina með bjartsýni að leiðarljósi, kraftinn sem árangur kynslóðanna færir ungu fólki, þeim sem njóta fjölpættra tækifæra sem Ísafjörður mun áfram færa sínu fólki.

Auðlindir náttúrunnar eru enn ríkulegar; fegurð fjarðanna heillandi á öllum tímum; rótgróin menning og litríkt mannlíf sífelldar uppsprettur sköpunar; vísindi, menntun og tækni nú ásamt sjávarfangi og landkostum grundvöllur öflugis atvinnulífs, nýrra fyrirtækja.

Ísafjörður heldur til móts við nýja tíma, sókndjarfur í krafti glæstrar sögu og valkostanna sem framtíðin mun færa íbúunum.

Á afmælishátíð er okkur skylt að þakka mörgum, minnst þeirra sem hér hafa búið á umliðnum öldum, gerðu Ísafjörð að bænum sem við þekkjum; þakka fólkinu sem helgaði Ísafirði krafta sína og breytti honum með daglegri önn; þakka þeim sem nú búa hér og varðveita arfleifðina um leið og horft er til kostaríkrar og gjöfullar framtíðar sem hin nýja öld mun færa Ísafirði.

Fyrst vegferðin frá fáeinum húsum í Neðstakaupstað hefur leitt okkur til hins öflugra Ísafjarðar sem íbúarnir njóta nú, bæjarfélags sem sameinar byggðir í nokkrum fjörðum, munu traustar undirstöður færa Ísafirði enn betri tíma.

Ævintýrið mun halda áfram og örlögin leika við Ísafjörð á ljúfan hátt. Þau hafa fært okkur þennan bæ í vöggugjöf og veganesti, ofið sögu hans í lífsþráð okkar.

Örlögin hafa líka gert sér leik að minni ævi, hagað því svo að síðasta ræðan sem ég flyt sem forseti Íslands er þessi óður til Ísafjarðar; þakkargjörð til fæðingarþeigar sem var foreldrum mínum og frændfólki einkar kær.

Örlagadísir hafa fært mér þá gjöf að heiðra Ísafjörð á þennan hátt um leið og ég kveð Bessastaði; að heiðra með síðustu forsetaræðu bæinn sem gaf mér líf og fyrstu spor.

Ég óska Ísafirði allra heilla; æsku hans og íbúum öllum farsældar í framtíðinni.